

## **Spjald 1.**

# **Sjálfbær þróun á heimsvísu**

**Jarðarsáttmálinn og möguleikar mannsins**

## **Hver er staðan í dag?**

**Lítill hluti fólks lifir tiltölulega þægilegu lífi.  
Flestir þurfa að strita til að komast af við kröpp kjör.**

**Við erum að eyðileggja jörðina sem við lifum á,  
menga loftið, eitra vatnið og útrýma  
öðrum lífverum.**

## **Þannig getur þetta ekki haldið áfram...**

**Hversu flókin sem vandamál heimsins virðast þá eru það við  
sem höfum skapað þau. Við hljótum því að geta leyst þau.**

## **Við getum breytt framtíð okkar...**

**Takið eftir þeim einstaklingum sem láta að sér kveða  
og hvetja með því aðra til framkvæmda.**

**Hvað getum við gert til að efla styrk okkar og taka þátt í að  
finna lausnina?**

**Sýningin var hönnuð af Alþjóðasamtökum Soka Gakkai (SGI)  
og höfundum Jarðarsáttmálans.**

**Hún var fyrst sýnd á Ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun  
(WSSD), í Jóhannesarborg árið 2002.**

## Spjald 2.

# „Við stöndum á mikilvægum tímamótum í sögu jarðarinnar...“

### Mynd:

Nær 850 milljónir íbúa jarðarinnar þjást af langvarandi matarskortum.

### Afríka

Í hitabeltinu hefur skógareyðing verið mest í Afríku og standa aðeins 30% af upprunalegum skógum eftir.

Nítján af þeim 25 löndum þar sem fæstir íbúa hafa aðgang að drykkjarvatni eru í Afríku.

### Heimskautasvæðin

Í september árið 2000 var gatið á ósonlaginu yfir Suður pólnum orðið yfir 28 milljón ferkílómetrar að stærð.

Við bráðnun Grænlandsjökuls hækkar yfirborð sjávar.

Ef yfirborð sjávar hækkar um 65 cm fyrir árið 2100, eins og spár gera ráð fyrir, munu milljónir manna og milljónir ferkílómetra lands verða í hættu.

Mynd: Fimm ríkustu lönd heims hafa hærri landsframleiðslu en þau 50 næstu til samans.

### Norður-Ameríka

Í Bandaríkjunum þar sem innan við 5% af íbúum heimsins búa eru notuð 25% af olíuframleiðslu og 30% af pappírframleiðslu í heiminum.

Árið 1996 voru 728 tegundir lífvera í útrýmingarhættu í Bandaríkjunum.

Mynd: 2,2 milljónir manna, flestir þeirra börn, deyja ár hvert vegna sjúkdóma sem rekja má til skorts á hreinu drykkjarvatni, ófullnægjandi heilbrigðisþjónustu og lélegs hreinlætis.

### Evrópa

Evrópa ber ábyrgð á 36% af losun klórflúorkarbónats (CFC) heimsins, 30% af koltvísýringsútblæstri og 25% af brennisteinstvísýringmengun heimsins.

Í Evrópu eru 52% fisktegunda, 45% skriðdýra og 42% spendýra í útrýmingarhættu.

Árlegur kostnaður vegna grunnþarfa fólks í þróunarríkjunum nemur aðeins einum tíunda af því fjármagni sem ríkisstjórnir heimsins verja til hergagnaframleiðslu á ári hverju.

### Spjald 3.

**„...mannkynið verður að ákveða framtíð sína...”**

#### **Suður-Ameríka**

**Suður-Ameríka** stendur frammi fyrir því að minnst 100.000 tegundir verði útdauðar á næstu 40 árum og er þá aðeins átt við tegundir lífvera sem lifa í skóglendi álfunnar.

**Í um það bil 47%** af beitolandi þessa heimshluta hefur jarðvegurinn glatað frjósemi sinni.

Afleiðingar aukinnar útfjólublárrar B geislunar eru alvarlegri í þessum heimshluta en á nokkru öðru byggðu svæði vegna þynningar ósonlagsins.

Myndir: 30.000 börn deyja úr hungri á hverjum degi.

Á hverju ári deyja um það bil 20.000 manns af völdum skordýraeiturs.

#### **Miðausturlönd**

**Hvert einasta land** í þessum heimshluta líður vegna vatnsskorts og þörfin fyrir vatn eykst sífellt.

**Strandsvæði þessa heimshluta** eru á meðal viðkvæmstu vistkerfa jarðarinnar og eru í mikilli hættu.

**Um það bil 1,2 milljónir tunna** af olíu flæða út í Persaflóa árlega.

Mynd: Ef fram heldur sem horfir munu tveir af hverjum þrem íbúum jarðarinnar standa frammi fyrir skorti á ferskvatni fyrir árið 2025.

#### **Asía og Kyrrahafið**

**Næstum því 1000 stöðuvötn** hafa horfið í einu héraði í Kína.

**Einn þriðji kóralrifja suðaustur Asíu** er í verulegri hættu og 27% allra kóralrifja heims hafa nú þegar horfið.

**Helmingur ræktarlands** í þessum hluta hefur að einhverju leyti eða algjörlega verið eyðilagt.

Mynd: Nær helmingur jarðarbúa lifir á innan við 130 krónum á dag

#### Spjald 4. Fótspor mannsins

„Framtíðin felur í sér miklar væntingar og miklar ógnir.“

Spor mannsins eru stór og áhrif okkar á jörðina hafa verið eyðileggjandi.

„Eins og er stefnum við ekki í átt að sjálfbærri þróun. Frestun framkvæmda er ekki lengur í boði.“ *GEO 2000.*

Hugmyndir okkar um vöxt og framfarir hafa ekki verið í jafnvægi. Þær hafa tekið mið af iðnaði og hagvexti á kostnað umhverfis, samfélags, menningar og líffræðilegrar fjölbreytni.

Hvernig ættum við að umgangast aðrar lífverur?

„Ég álit að nú sem aldrei fyrr sé skorað á okkur sem mannkyn að sanna að við höfum þroska og stjórn, ekki á umhverfinu heldur okkur sjálfum“

*Rachel Carson*

Það er kominn tími til að skoða forgangsröðun okkar. Gildi okkar og viðmið um okkur og sýn okkar á þróun, framfarir og uppbyggingu.

Framtíðarsýn um sjálfbæra þróun er nýr valkostur.

Sjálfbær þróun er samræmd þróun þar sem allir þættir lífs okkar sem einstaklinga og þjóðfélagsþegna eru þróaðir í samræmi.

	Samfélag	
Efnahagur		Menning
Vistfræði		Stjórnmal
	Trú	

„Ef við breytum ekki stefnunni eru allar líkur á að við förum þangað sem við stefnum.“

Kínverskt máltæki.

#### Hvað er sjálfbær þróun?

„Að uppfylla þarfir nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að uppfylla sínar þarfir.“

Myndir: Kálfur svarts nashyrnings, munaðarlaus af völdum veiðipjófa.

Fílabein er skorið út til að selja ferðamönnum.

Þrír móðurlausir simpansaungar í félagskap manna.

Taminn björn sýnir listir í sirkus.

Fugl þakinn olú.

Risasæskjaldböku er sleppt í sjóinn með gervitunglasendi til að fylgjast með ferðum hennar.

Skólp rennur í Norðursjó.

Tré varpa skugga á ræktunarreit á þurrkasvæði á Malí. Orkuver knúið kolum.

Vindorka er hrein, ódýr og óþrjótandi.

## Spjald 5.

### Menntun

**„Sambætta ætti þekkingu, lífsgildi og hæfni sem þörf er á fyrir sjálfbæran lífsstíl, formlegri menntun og símenntun.“**

Jarðarsáttmálinn, grein 14.

Sameinuðu þjóðirnar hafa ákveðið að árin 2005 til 2014 verði „Áratugur menntunar um sjálfbæra þróun.“

Aðeins menntun getur skapað drifkraft breytinga. Hvernig hefjumst við handa?

### Lærdómur

Við þurfum að dýpka skilning okkar á málefnum og staðreyndum er varða umhverfið til þess að skilja þær orsakir sem valda eyðileggingu þess.

Við verðum að læra að setja okkur í spor þeirra sem þjást og líta á þjáningu þeirra sem okkar eigin þjáningu.

### Skilningur

Sameiginleg siðferðisgildi eru mikilvæg.

Við verðum að skoða lífshætti okkar.

Menntun ætti að auka skilning á því hvernig umhverfisvandamál tengjast okkar daglega lífi.

### Styrkur

Menntun felst ekki aðeins í því að koma upplýsingum á framfæri;

Við þurfum að öðlast hugrekki og von til að taka raunhæf skref.

Menntun á að vekja með okkur þá vissu að hvert og eitt okkar hafi bæði styrk og beri ábyrgð á að koma á jákvæðum breytingum á heimsvísu. Umhverfissiðferði þarf að verða mannum eiginlegt eins og sterkur persónulegur ásetningur.

**„Hinn sterki vilji sem drífur áfram kraftmikið ferli breytinga er samúð og umhyggja sem við berum fyrir öðrum“.**

Úr tillögum um menntun fyrir sjálfbæra framtíð sem settar voru fram af Daisaku Ikeda forseta Alþjóðasamtaka Soka Gakkai.

„Raunin er sú að við verndum aðeins það sem okkur þykir vænt um. Okkur þykir aðeins vænt um það sem við skiljum og við skiljum aðeins það sem okkur er kennt.“  
Baba Dioum, vistfræðingur frá Senegal.

## Spjald 6.

### Jarðarsáttmálinn í framkvæmd

#### „Jarðarsáttmálinn er eins og vegvísir...”

Jarðarsáttmálinn er yfirlýsing um siðferðileg grunngildi til að byggja réttlátt, sjálfbært og friðsamlegt alþjóðlegt samfélag á 21. öldinni.

Þessi „Sáttmáli fólksins“ var mótaður í umræðum sem stóðu yfir í áratug þar sem þúsundir einstaklinga og hundruð hópa frá öllum heimshornum tóku þátt. Hann er táknmynd sameiginlegrar vonar alls mannkyns. Hversu ólíkar sem þjóðir eru og menning þeirra þá eigum við öll sama drauminn um friðsaman heim.

Jarðarsáttmálinn fjallar um að verndun umhverfisins, mannréttindi, réttlæti og friður sé okkar sameiginlega markmið og ábyrgð.

#### „Jarðarsáttmálinn er besta uppskrift að sjálfbærri þróun sem ég hef séð“

**Neth Vorleak, Kambódíu**

Eins og staðan er í heiminum í dag verður hver einstaklingur, fjölskylda, stofnun, fyrirtæki og ríkisstjórn að takast á við áskorunina um sjálfbært líf.

Jarðarsáttmálinn getur stuðlað að jákvæðri framtíðarsýn og verið hvatning fyrir fólk í öllum stéttum, frá kennurum og embættismönnum til vísindamanna og listamanna.

Enginn á höfundarrétt að Jarðarsáttmálanum. Hann er opinbert skjal og öllum er heimilt að nota það eins og þeir vilja... sem kennsluefni, í umræður eða fyrir einstaklinga til að hugleiða umbætur í eigin lífi.

„Í stað þess að láta okkur nægja að lesa sáttmálann yfir ættum við að íhuga hvað orð hans merkja í raun og veru þannig að þau vekji okkur til verka.“

Wangari Maathai, talsmaður Jarðarsáttmálans.

„Jarðarsáttmálinn varð til í gegnum ferli samkomulags og samvinnu. Undirstaða þess að okkur takist að byggja upp þann heim sem hann gefur fyrirheit um er að áframhald verði á því ferli.“

Daniella Tilbury, prófessor við Macquarie háskólann í Ástralíu.

#### ... sem sýnir okkur hvar við stöndum, hvert við viljum fara og hvernig við komumst þangað.“

Skóladrengur frá Kamberra.

## Spjald 7

### Jarðarsáttmálinn

Lífsgæði og grunnildi fyrir sjálfbæra framtíð.

Við stöndum á tímamótum í jarðarsögunni. Sá tími er runninn upp að mannkynið þarf að velja sér framtíð. Á sama tíma og veröldin verður sífelld samtengdari og brothættari felur framtíðin í sér bæði miklar ógnir og miklar væntingar. Á leið okkar til framtíðar þurfum við að viðurkenna að þrátt fyrir stórkostlega menningar- og líffræðilega fjölbreytni er mannkynið samt ein fjölskylda og jörðin eitt samfélag með sameiginleg örlög. Við þurfum að taka höndum saman um að mynda sjálfbært samfélag á heimsvísu sem byggir á virðingu fyrir náttúrunni, mannréttindum, réttlátri skiptingu lífsgæða og friðarmenningu. Í þessu samhengi er brýnt að við, íbúar þessarar plánetu, lýsum yfir ábyrgð okkar gagnvart hvert öðru, gagnvart lífríkinu og gagnvart komandi kynslóðum.

Við þurfum nauðsynlega á sameiginlegri sýn að halda sem byggir siðferðilegan grunn að því heimssamfélagi sem er nú í mótun. Þess vegna styðjum við í sameiningu eftirfarandi grunnildi, sem öll tengjast innbyrðis, sem leið í átt að sjálfbærum lífsstíl. Allir einstaklingar, samtök, fyrirtæki, ríkisstjórnir og fjölþjóðlegar stofnanir ættu að líta til þessara grunnilda eftir leiðsögn og til að meta hvernig þeim miðar.

## Valið er okkar...

### **Virðing og umhyggja fyrir öllum lífsformum.**

1. Virðum jörðina og lífið í öllum sínum fjölbreytileika.
2. Berum umhyggju fyrir öllum lífsformum og leggjum áherslu á skilning, samúð og kærleika.

## Spjald 7 framhald.

3. Byggjum upp lýðræðisleg samfélög sem einkennast af réttlæti, þátttöku, sjálfbærni og friði.
4. Verndum gnægtir og fegurð jarðar fyrir núlifandi og komandi kynslóðir.

*Til að fylgja eftir þessum fjórum viðtæku skuldbindingum er nauðsynlegt að:*

### **Heilleiki vistkerfa**

5. Vernda og endurbyggja heilleika vistkerfa jarðar, með sérstakri athygli á líffræðilega fjölbreytni og þau náttúrulegu ferli sem eru undirstaða lífs.
6. Koma í veg fyrir skaða, sem er besta umhverfisverndin.
7. Aðlaga framleiðsluferli, neyslumynstur og endurvinnsluferli þannig að þau styðji, mannréttindi, samfélagslega velferð og hæfni jarðar til endurnýjunar.
8. Efla rannsóknir á vistfræðilegri sjálfbærni.

### **Félagslegt og efnahagslegt réttlæti.**

9. Útrýma fátækt sem er brýnt verkefni frá sjónarhóli siðfræði, samfélagslegra gilda og umhverfisverndar.
10. Tryggja að efnahagskerfið á öllum stigum hvetji til mannlegs þroska á grundvelli jafnréttis og sjálfbærni.
11. Staðfesta að jafnrétti kynjanna og sanngirni séu forsendur sjálfbærrar þróunar og tryggja aðgengi allra að menntun, heilsugæslu og tækifærum í viðskiptalífinu.

## Spjald 7 framhald.

12. Verja rétt allra, án nokkurrar mismununar, til náttúrulegs og félagslegs umhverfis sem styður mannlega reisin, líkamlega og andlega heilsu, með sérstakri áherslu á rétt frumbyggja og minnihlutahópa.

### **Lýðræði, samfélag án ofbeldis og friður.**

13. Styrkja lýðræðislegar stofnanir á öllum stigum. Sjá til þess að stjórnslá sé gagnsæ og ábyrg og að sem flestir hafi aðgang að ákvarðanatöku og dómskerfi.

14. Sampætta þekkingu, lífsgildi og hæfni sem þörf er á fyrir sjálfbæran lífsstíl, formlegri menntun og símenntun.

15. Koma fram við allar lífverur af virðingu og tillitsemi.

16. Stuðla að umburðarlyndi, friði og samfélagi án ofbeldis.

sjá Jarðarsáttmálann í heild : [www.simnet.is/meistarar](http://www.simnet.is/meistarar).

## Spjald 8

### Æskan og Jarðarsáttmálinn

**„Hvers vegna er Jarðarsáttmálinn mikilvægur? Vegna þess að fólk býr á Jörðinni“** Augustine Haile, 4.ára, á ráðstefnu um Jarðarsáttmálann í Flórída.

**„Eftir að ég las Jarðarsáttmálann gerði ég mér grein fyrir að hann inniheldur allt sem ég vildi einbeita mér að. Mér þætti heiður að því að vera þátttakandi í þessari stórkostlegu hreyfingu.“** Nidhi, Indlandi.

**„Þar sem við erum full lífsorku ættum við unga fólk að vera í fararbroddi hreyfingar Jarðarsáttmálans.“** Ráðstefna um Jarðarsáttmálann í Singapúr.

Jarðarsáttmálinn er einstakt tæki til menntunar um sjálfbærni á ýmsum sviðum og hefur nú þegar verið tekinn inn í námsskrár í Brasilíu, Mexíkó, á Ítalíu og Spáni. Í Bandaríkjunum býður Ríkisháskólinn í Michigan upp á námskeið um Sáttmálann.

Á umhverfisráðstefnunni í Jóhannesarborg voru stofnuð samtökin „Menntun um sjálfbært líf með Jarðarsáttmálanum.“ Þessi samtök tengja UNESCO, áhrifamiklar ríkisstjórnir og helstu samtök án ríkisstjórna sem eiga aðild að Sameinuðu þjóðunum.

Börn og ungmenni eru fljót að skilja mikilvægi Jarðarsáttmálans. Þau bregðast við skilaboðum hans á skapandi hátt með teikningum, málverkum og tónlist. Fjöldi samtaka ungs fólks, sem vinna að sjálfbærri þróun, styðja nú Jarðarsáttmálann.

Bréf frá Jörðinni  
05. júní 2002

Halló drengir og stúlkur.

Ég er plánetan jörð. Er ég ekki falleg? Veist þú mikið um náttúruna? Ég er hamingjusöm. Á jörðinni lifir margt fólk, dýr og líka plöntur.

En ég er sorgmædd vegna þess að sumt fólk fer ekki varlega, skemmir mig og mengar. Það fer ekki vel með dýrin og plönturnar og það sem verra er, það fer í stríð og drepur hvert annað. Ég skrifa þetta bréf til að biðja þig um hjálp. Vilt þú hjálpa? Ég bið þig að svara fljótt.

Verið þið sælir íbúar mínir.

Jörðin

*(Eftir börn í Miquel Porcel ríkisskólanum í Palma á Mæjorka, Spáni, eftir að þau höfðu unnið með Jarðarsáttmálann.)*

## **Spjald 9.** Almennigur tekur til sinna ráða

### Söfnun regnvatns

Rajendra Singh og þekking kynslóðanna um vatnsvernd

#### **Þorpin voru að leggjast í eyði:**

Fyrir sautján árum voru þorp á þurrkasvæðum Rajasthan á Indlandi að leggjast í eyði. Brunnarnir þorpuðu upp og uppskeran brást ár eftir ár. Það regn sem féll skolaði aðeins í burtu þurri gróðurmoldinni.

Flestir vinnufærir þorpsbúar fluttu til borganna í leit að vinnu. Aðeins 2 til 3% barna gengu í skóla.

#### **Viska kynslóðanna:**

Rajendra Singh, starfsmaður á vegum Sameinuðu þjóðanna, kom til Rajasthan til að aðstoða þorpsbúa. Dag einn sagði aldraður þorpsbúi við hann: „Okkur skortir ekki endilega það sem þið viljið gefa okkur. Okkur skortir vatn. Hættið að tala og farið að byggja johads!“

Johads eru litlar jarðvegsstíflur. Þær eru arfur kynslóðanna um hvernig hægt er að safna vatni. Þessi þekking hafði næstum glatast á nýlendutímanum. Stíflurnar safna regnvatni sem sígur niður í jörðina og hækkar grunnvatnsborðið.

Þar sem flestir þorpsbúar voru of ungir eða of gamlir til að geta unnið stritaði Rajendra með skóflu mánuðum saman og gróf fyrir stíflu nálægt þorpinu. Þegar Monsúnregnið hófst tóku brunnar, sem höfðu verið uppþornaðir árum saman, að fyllast af vatni. Fréttin barst út eins og eldur í sinu.

#### **Endurreisn samfélagsins:**

Nú hafa þorpsbúar víða um Rajasthan byggt meira en 4500 regnvatnsstíflur. Fimm af ám svæðisins renna nú stöðugt og landið sem áður var hrjóstrugt er nú grænt af gróðri jafnvel yfir þurrkatímann. Fugla og dýralíf hefur aftur náð sér á strik.

Vatnið hefur fært þorpsbúum efnahagslega velmegun. Í þorpinu, Nimi, gátu íbúar varla framfleytt sér. Í dag selja þeir grænmeti til stórborga Indlands.

Vatnið hefur einnig gert þeim kleift að byggja upp samfélagið að nýju. Í hverju þorpi eru stofnuð lýðræðisleg samtök sem sjá til þess að allir þorpsbúar taki þátt í sjálfbærum rekstri náttúruauðlinda og að tryggja þátttöku kvenna í ákvarðanatökum. Skólasókn hefur stórlega aukist og margt ungt fólk hefur snúið aftur heim til þorpanna.

Megin áhersla er lögð á sjálfsábyrgð. „Þegar fólk fer að bera virðingu fyrir sjálfu sér fer það að leggja sitt af mörkum,“ segir Singh.

„Vatn er ekki lítilvægt málefni...umfjöllun um vatn mun aukast gríðarlega á næstu 10 til 20 árum.“ Rajendra Singh

## **Spjald 10** Almenninur tekur til sinna ráða **Græna beltið** **Wangari Maathai og Grænabeltishreyfingin**

*„Öll getum við lagt okkar af mörkum. Oft erum við að leita að stóru hlutunum og gleymum því að við getum allstaðar lagt okkar af mörkum.“*

### **Skógar eru að hverfa:**

Um miðjan áttunda áratuginn var minna en 2% eftir af frumskógum Kenýu. Þetta var líffræðingnum Wangari Maathai áhyggjuefni.

Í Kenýu, eins og í mörgum þróunarlöndum, veldur fátækt ásamt mikilli fólksfjölgun gríðarlegu álagi á náttúrulegt umhverfi. Fátækt fólk heggur niður tré til eldsneytis og hreinsar skóglendur til ræktunar. Um leið og trjágróður hverfur þá hverfa einnig dýr og aðrar plöntutegundir.

### **Frá grasrótinni:**

Árið 1977 hóf Wangari Maathai með samtökum sín að hvetja konur á landsbyggðinni til að planta trjám.

Þetta frumkvæði grasrótartinnar þróaðist fljótlega í Grænabeltishreyfinguna. Hreyfingin kennir konum að rækta og hlúa að ungum trjáplöntum sem er dreift þar sem þörfin er mest og fá konurnar umbun fyrir. Þær læra einnig jarðyrkju eins og gerð safnhauga, verndun jarðvegs og notkun staðbundinna nytjaplantna.

### **20 milljónir trjáa:**

Með þessari hreyfingu hafa orðið til þúsundir staðbundinna hópa kvenna. Þessar konur hafa nú plantað yfir 20 milljónum trjáa um alla Kenýu og komið á fót yfir 6.000 gróðrarstöðvum. Þær hafa einnig tekist á við samfélagsleg málefni og notast þá gjarnan við Jarðarsáttmálann sem viðmiðun. Meira en hálfri milljón skólabarna hefur verið kennt um gildi sjálfbærs líferniss.

Grænabeltishreyfingin hefur dregið úr áhrifum skógareyðingar um leið og hún hefur fært konum tekjur og gert þeim mögulegt að takast á við forystuhlutverk í samfélaginu.

Það sem byrjaði sem lítil gróðrarstöð í bakgarði Wangari Maathai hefur nú breiðst út um allan heim þar sem aðferðir Grænabeltishreyfingarinnar eru notaðar víða um lönd.

*„Það er afar mikilvægt fyrir okkur að bregðast við í okkar nánasta umhverfi. Stundum þegar við hugsum um hnattræn vandamál missum við móðinn, en þegar við grípum til staðbundinna aðgerða sjáum við hvers við erum megnug.“*

*Wangari Maathai talsmaður Jarðarsáttmálans.*

## **Spjald 11** Almennigur tekur til sinna ráða

Framkvæmdageta almennings

### **Elizabeth Ramirez og Jarðarsáttmálinn**

#### **Versnandi ástand:**

Í mörgum þróunarlöndum er fátækt og hnignun umhverfisins samofin á ógnvekjandi hátt. Fátækt leiðir til hnignunar umhverfisins sem síðan leiðir af sér meiri fátækt. Fátækt hefur í för með sér hrun samfélagsins. Konur eru oft sérstaklega varnarlausar.

**Elizabeth Ramirez, umhverfisvísindamaður við Ríkisháskólann í Kosta Ríka, sá þetta skýrt í rannsóknum sínum á dreifbýlissvæðum landsins. Henni varð ljóst að margt af því fólki sem hún talaði við fannst það vera vanmáttugt að breyta lífi sínu. Það skorti einnig upplýsingar og hugmyndir um hvernig það gæti bætt aðstæður sínar.**

#### **Grunngildi Jarðarsáttmálans:**

Þegar Elizabeth gerði sér ljóst að lykillinn að umbótum var menntun tók hún þátt í uppbyggingu fræðslumiðstöðva í dreifbýlishéruðunum Laguna Hule og Rio Cuarto. Þessar miðstöðvar leggja áherslu á umhverfisvernd og bættu stöðu kvenna. Elizabeth komst að raun um að Jarðarsáttmálinn væri ágætis fræðslutæki.

Eftir að hafa kynnt sér undirstöðuatriði Jarðarsáttmálans hafa þeir samfélagshópar sem Elizabeth vinnur með byggt upp áætlanir um umhverfisvernd og eftt menningar-, samfélags- og siðferðileg gildi.

#### **Ný sýn, hefðbundin gildi:**

Staða kvenna í samfélaginu hefur verið styrkt. Barnahreyfingin *Defensores Verdes* eða Grænu verndararnir, var stofnuð til verndar náttúrulegu umhverfi við heimili þeirra, skóla og í samfélaginu. Hreyfingin hefur staðið að uppbyggingu grænmetisgarða og vistvænna útivistarsvæða og endurræktað skóglendi í Rio Cuarto. Í Laguna Hule hefur hreyfingin tekið þátt í baráttu fyrir verndun fallegs stöðuvatns og hindra eyðileggingu þess vegna uppbyggingar svæðisins.

Elizabeth komast að raun um að Jarðarsáttmálinn rennir stoðum undir hefðbundin gildi dreifbýlisfólks og færir fólki sem stendur andspænis mörgum áskorunum í sínu daglega lífi jákvæða sýn um betri heim.

*„Jarðarsáttmálinn er frábært verkfæri til að styrkja bæði formleg sem óformleg fræðsluverkefni.“*

## Spjald 12

### Íbúafundur um Jarðarsáttmálann

#### Að færa Sáttmála fólksins til fólksins

#### Samfélagsnet

Fyrstu kynni Jan Roberts af Jarðarsáttmálanum höfðu mikil áhrif á hana. „Ég táraðist yfir því að fólk um allan heim, sem unnið hafði að þessu skjali, deildi sömu vonum og gildum og ég sjálf,“ sagði hún. Hana undraði að hafa ekki heyrt um Jarðarsáttmálann fyrir og ákvað því að segja eins mörgum og mögulegt væri frá honum. Þessi ákvörðun leiddi til fjölmargra íbúafunda um Sáttmálann.

Þetta nafn var valið til að leggja áherslu á þær rætur sem Jarðarsáttmálinn hefur í samfélaginu. „Ég hafði oft farið á ráðstefnur og heyrt hugmyndir sem heilluðu mig en þegar heim var komið, ekki fundið neinn mér til hjálpar við að hrinda þeim í framkvæmd.“ Jan Roberts.

#### Keðjuverkun

Frá árinu 2001 hafa árlega verið haldnir netfundir um Jarðarsáttmálann. Þeir hafa hvatt þúsundir einstaklinga úr öllum stéttum þjóðfélagsins – kennara, listamenn, fólk í viðskiptum og námsmenn – til að hrinda Sáttmálanum í framkvæmd í eigin lífi og nánasta umhverfi. Upphaflega voru fundirnir einungis haldnir í Bandaríkjunum en frá árinu 2003 hafa þeir verið haldnir í 33 borgum, frá Senegal til Skotlands.

#### Framkvæði grasrótarinnar

Íbúafundirnir hafa hvatt til framkvæmda í anda Sáttmálans.

Einstakar niðurstöður eru:

- Norðvesturbandalag menntamanna í Seattle notar Sáttmálann sem grunn að úrbótum í menntamálum
- borgarskipuleggjendur í Flórída hafa notað Sáttmálann sem leiðarvísi að efnahagslegri enduruppbyggingu á svæðum í vanda
- stofnun Jarðarskátanna – sem er nýtt skátafélag fyrir börn
- notkun Sáttmálans á 22 dvalarheimilum fyrir aldraða í miðvesturríkjum Bandaríkjanna sem grunn að samskiptaverkefni barna og heimilismanna.
- notkun Jarðarsáttmálans sem mælikvarða á „það sem gerir lífið þess virði að lifa því“ í samfélaginu.

Þátttakendur og skipuleggjendur eru einstaklingar sem eiga það sameiginlegt að finnast Sáttmálinn spennandi og um leið tækifæri til að leggja sitt af mörkum. Eins og Jan Roberts segir, „Viðleitni grasrótarinnar fer vaxandi og styrkist með hverjum degi!“

Tilvitnun: „Fundirnir skapa góðu fólki tækifæri til að tengjast öðrum í samfélagi sínu og um allan heim og fá staðfestingu á því að það er ekki eitt um að vilja betri heim.“

[LJÓSMYNDARAR: ROB HENDRY, GEORGE SHERMAN, AMY HAILE]

## **Spjald 13**

### **Stofnun Paulo Freire**

#### **Jarðarsáttmálinn og menntun til samfélagslega breytinga**

##### **Samfélagslegt réttlæti**

Paulo Freire stofnunin (PFI), sem er með höfuðstöðvar sínar í Brasilíu, er að þróa nýja leið á sviði menntunar, menningar og samskipta til að efla lýðræði og réttlæti í samfélaginu. Þannig viðhelst arfleifð Paulo Freire sem var einn af áhrifamestu hugsuðum tuttugustu aldarinnar á sviði menntunar.

Sem þátttakandi í gerð Jarðarsáttmálans hefur PFI; frá því á Jarðarráðstefnunni í í Rió de Janeiro 1992, vakið athygli á möguleika Sáttmálans sem öflugtu tæki til að hvetja til jákvæðra breytinga hjá einstaklingum og í samfélaginu.

##### **Friður og unga fólk**

Verkefnið „JOVemPAZ“ (Friður og unga fólk) þjálfar kennara og leiðbeinendur, unga sem aldna, í að búa til verkefni í skólum og í samfélaginu sem stuðla að uppbyggingu menningar, friðar og sjálfbærni. Jarðarsáttmálinn gegnir þar lykilhlutverki. Verkefnið hvetja þátttakendur til að íhuga hvernig breyttur lífsstíll getur verið framlag til samfélagslegra breytinga – sem sýnir fram á gildi Sáttmálans í framkvæmd. Á árunum 2002 og 2003 tóku yfir 220 kennarar þátt í þessu verkefni í Sao Paulo. PFI notar einnig Sáttmálann í lestrarkennsluverkefnum sínum.

##### **Vistfræðileg kennslufræði**

Árið 1999 skipulagði PFI fyrstu alþjóðlegu ráðstefnuna um Jarðarsáttmálann frá sjónarhorni menntunar. Þetta var fyrsta samræmda áttak PFI til að þróa nýja menntastefnu byggða á grundvallaratriðum og gildum Sáttmálans eða uppeldis- og kennslufræði jarðarinnar.

PFI hefur einnig þróað verkefni sem nefnist alþýðuskóli sem leggur áherslu á samstarf til að bæta samskipti fólks, lýðræði stjórnunar, námsefnis og gildismats. Verkefnið, sem nær til 25 skóla í Sao Paulo, leggur áherslu á lýðræðislega þátttöku í skólasamfélaginu og notar Jarðarsáttmálann sem leiðarvísi.

##### **Tilvitnun:**

„Takmark okkar er að fræða um sjálfbært líf og nota Jarðarsáttmálann sem leiðarvísi að nýrri námskrá, bæði fyrir hefðbundna og óhefðbundna fræðslu.“

## Spjald 14.

### Vivim Plegats „Að búa saman“ Fjölmenningarleg menntun um frið og samvinnu

#### Menningarlegur margbreytileiki

Nýlegir fólksflutningar til Miðjarðarhafseyjanna við Spán hafa orsakað mikla kynþátta-, menningar- og efnahagslega mismunun. Í þessu flókna samfélagi hefur Jarðarsáttmálinn verið notaður í fjölmenningarlegt verkefni á sviði menntunar. Verkefnið sem kallast Vivim Plegats eða „Að búa saman,“ á að efla skilning, umburðarlyndi, frið og samvinnu innan skólanna og samfélagsins.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið kom verkefninu fyrst af stað árið 2000 að undirlagi Guillem Ramis til að vinna gegn kynþáttavandamálum og mismunun. Um 50 skólar, aðallega á grunnskólastigi, taka þátt í verkefninu.

#### Námsefni á mörgum tungumálum

Hver skóli hannar sitt eigið verkefni sem byggt er á vinnubókum um réttindi barna og Jarðarsáttmálann. Með stuðningi UNICEF og UNESCO hafa ýmis verkefni verið útbúin, þar á meðal hefur efni Sáttmálans verið lagað að þörfum barna og unglinga á fjórum tungumálum Spánar og öðrum tungumálum t.d. rússnesku, japönsku og arabísku. Nemendur læra um Sáttmálann á katalónsku í skólanum og segja síðan fjölskyldum sínum frá honum á eigin tungumáli.

#### Að læra saman

Nemendur teikna, mála og syngja og tjá þannig boðskap Jarðarsáttmálans. Börn allt niður í þriggja ára læra um Sáttmálann með einföldum teikningum sem sýna Jörðina sem okkar sameiginlega heimili. Eldri börn geta tekið þátt í smiðjum þar sem fjallað er um menningarsamskipti, búið til matjurtagarða eða notað myndir úr umhverfi sínu til að gæða Sáttmálann lífi.

Hópur fólks af ólíkum uppruna heimsækir skólana og kynnir menningu sína til að börn læri um lífshætti ólíkra innflytjendahópa og um önnur lönd. Þau velta fyrir sér þeim áskorunum sem ólíkir innflytjendahópar mæta á eyjunum.

Verkefnið hvetur til samstarfs innan skólakerfisins og bréfa- eða netsamskipta við skóla í öðrum löndum. Skólarnir veita einnig samfélaginu hlutdeild í verkefninu t.d. með þátttöku foreldra, menningarlegum uppákomum, sýningum og ritgerðasamkeppnum.

Tilvitnun:

„Allir eru jafnir, allir eru ólíkir!“

„Jarðarsáttmálinn með sinni fögru sýn um samstilltan heim er grundvöllurinn að allri nálgun okkar. Börnin skilja Jarðarsáttmálann fullkomlega.“

Mynd. Imagebroker/Alamy

## Spjald 15

### SGI og Jarðarsáttmálinn

„Jarðarsáttmálinn fjallar í reynd um þau gildi sem við þurfum að rækta til að gera framtíð okkar sjálfbæra.“

„Djúp virðing fyrir lífinu ætti að vera kjarni þeirra gilda sem vil leitum að. Það getur vakið okkur til vitundar um tengingu okkar við ólík lífsform.“

Daisaku Ikeda, forseti SGI

### Hvað er SGI?

Alheimssamtök Soka Gakkai (SGI) eru búddísk leikmannasamtök með yfir 12 milljónir meðlima í 193 löndum og svæðum um allan heim.

Æðsta markmið búddismans og SGI er að koma á friði í heiminum. Meðlimir SGI stefna að jákvæðri hugarfarsbreytingu einstaklingsins, virkri þátttöku í samfélaginu og stuðla að aukinni virðingu fyrir lífinu.

SGI eru einnig aðildarfélag að Sameinuðu þjóðunum (NGO) samtök sem stuðla að friði, menntun og menningu, oft í samvinnu við aðra hópa.

### ***Mannleg gildi***

Frá 1997 hafa SGI hópar í yfir 20 löndum tekið virkan þátt í að kynna Jarðarsáttmálann sem mikilvæga yfirlýsingu um mannleg gildi. Starfsemin felur í sér samfélagslegar samræður á Nýja Sjálandi og í Bandaríkjunum ásamt almennum umræðufundum um mannréttindi á Ítalíu. Boðskapur Jarðarsáttmálans á sér samhljóm í búddískum viðhorfum á mikilvægi og gagnkvæmum tengslum alls lífs og óendanlegum möguleikum einstaklingsins til að hafa áhrif.

[www.sgi.org](http://www.sgi.org)

[myndatexti]:

Sýning SGI á Ráðstefnu Sameinuðu Þjóðanna um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg  
Dansarar sýna atriði á vegum SGI á Ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg 2002.

## Spjald 16.

**Þú getur**

**hafið þína eigin hljóðu byltingu:**

**„Byrjaðu þar sem þú ert og taktu eitt skref í einu“**

**Tælenskur Búddamunkur.**

Sýndu stuðning þinn við Jarðarsáttmálann

Kynntu hann á þínum vinnustað og nánasta samfélagi

Notaðu hann sem grundvöll samræðna um okkar sameiginlegu framtíð

**Glæddu hann lífi með aðgerðum þínum**

Sýndu samstöðu með þeim sem minna mega sín

Vertu vakandi yfir því hvað þú kaupir og áhrif þess á umhverfið og líf fólksins

Lærðu um baráttu án ofbeldis

Bættu ósætti við vini og fjölskyldu

Gróðursettu tré

Sparaðu auðlindir

„Það má vera að ég sé bara að gróðursetja eitt tré en ímyndaðu þér hvað gerist ef milljarðar einstaklinga leggja sitt af mörkum. Ímyndaðu þér hve miklu við getum áorkað öll saman.“

**Wangari Maathai**

[www.earthcharter.org](http://www.earthcharter.org)

[www.sgi.org](http://www.sgi.org)